

Miðvikudaginn 31. jan. 1934.

Nr. 143/1933. **Magnús Jónsson**

gegn

Kolbeini Guðmundssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti sjálfur við þingfestingu máls þessa, lagði fram áfrýjunarstefnu, dags. 7. dez. s. l. og beiddi um frest í málinu, aðallega til maímánaðar næstkomandi til þess að fá dómsgerðir í málinu og vegna fjarveru erlendis á næstunni, en til vara bað hann um frest til febrúarmánaðar til að sameina málið við hæstaréttarmálið nr. 133/1933.

Af hálfu stefnda var öllum fresti í málinu mót-mælt og þess krafizt, að því væri vísað frá hæstarétti.

Gegn mótmælum stefnda verður aðalfrestbeiðni áfrýjanda ekki tekin til greina, en hinsvegar þykir samkv. 41. gr. hæstaréttarlaganna rétt að taka varafrestbeiðni hans til greina, og veita honum frest til hins ákveðna fyrirtökudags málsins 133/1933, 14. febr. n. k.

Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist frestur til 14. febr. n. k.